

Norðfirðingur

3. tölublað 2001

26.árgangur

Sumarhúsið í Neskaupstað tilbúið til útleigu

Nú er húsið tilbúið og verður leigt út frá og með fyrstu helginni í júní. Húsið verður leigt eina viku í senn, frá kl tvö á föstudegi til hádegis á föstudag.

Leigan verður 15000 kr fyrir vikuna. Einungis þeir sem eru skuldlausir við Norðfirðingafélagið fá húsið leigt. Leigan greiðist við staðfestingu pöntunar.

Viðtakandi

1999 01 01

Vinnuferð í sumarhúsið

Félagar í stjórn Norðfirðingafélagsins og fleiri fóru vinnuferð austur og tóku til hendinni í húsinu á Hafnarbraut 54. Stofan, herbergið á hæðinni og baðherbergið voru máluð og önnur herbergi þrífín. skipt var um gólfefni á öllum gólfum á hæðinni nema baðherberginu. Sett var plast-parkett á eldhúsið, svefnherbergin og holið en viðar-parkett á stofuna. Nýjum húsgögnum var komið fyrir í stofunni og herbergjunum. Nú vantar bara ný húsgögn í eldhúsið þ.e. eldhúsborð og stóla, þangað til nýtt fæst verða gömlu húsgögnin notuð. Síminn í húsinu er 4771056

Sumarhúsið Hafnarbraut 54

Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi og stór stofa. Eitt hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi. Svefnherbergið á hæðinni er með kojum og einu rúmi fyrir fullorðinn. Svefnherbergið í risi er með tveim rúmum. Sængur og koddar eru á staðnum en gestir verður að taka með sér sængurföt og handklæði. Í stofunni er sófasett, sófaborð og hornborð sem félaginu var gefið af **GSJ** húsgagnaverslun. Einnig er sjónvarp í stofunni. Í eldhúsinu eru öll áhöld og leirtau. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og þvottavél sem félagið á.

Úthlutunarreglur og verð

Sumarúthlutunartíminn er frá 1. júní til 1 september.

Yfir vetrartímann er hægt að fá leigðar bæði heilar vikur eða helgar.

Páskavíkunni verður úthlutað sérstaklega en annars gildir reglan fyrstir panta fyrstir fá yfir veturinn.

Fyrsta árið verður reglan fyrstir panta fyrstir fá.

Næsta ár verður tekið á móti pöntunum frá 1. apríl til 1 maí þá verður farið yfir allar pantanir í sumartíma og þá gildir að þeir sem hafa ekki fengið úthlutað áður ganga fyrir, en ef báðir eru jafn rétt háir gildir hlutkesti.

Að úthlutun lokinni verður öllum tilkynnt um úthlutun og verða þeir að staðfesta pöntun með greiðslu á leigunni.

Verð

Sumartími 1 vika	15000 kr
Páskavíkan	15000 kr
Vetrartími 1. vika	10000 kr
Vetrartími 1. helgi	6000 kr

Úthlutun á sumarhúsi

Stefán Herbertsson í síma 5511052 eða 8968821
(Júlíus 587 5206)

Olíufélagið hf og Byggt og flutt

gáfu Norðfirðingafélaginu gasgrill í sumarhúsið í tilefni þess að Olíufélagið hf er að auka starfsemi sína í Neskaupstað með opnun smábátadælu. Umboðsmaður Olíufélagsins í Neskaupstað er Guðmundur Sveinsson sem rekur **Byggt og flutt**



Olíufélagið hf

Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.

Sendum heim VISA EUROCARD

Blómabúðin Laufskálinn

S.477-1212 Fax 477-1012

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Félagsgjald 1000kr greiðist á reikning 0101-26-11959

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, 740 Neskaupstað.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Júlíus Brynjarsson (587 5206)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)